

FRAMHALDSSKÓLINN Í
VESTMANNAEYJUM

Sjálfsmatsskýrsla
2022-2023

1	INNGANGUR	3
2	STEFNA FÍV	4
	2.1 HLUTVERK FÍV	4
	2.2 LEIÐARLJÓS FÍV	4
	2.3 MARKMIÐ OG ÁHERSLUR	4
3	STARFSEMI SKÓLANS	6
4	UMFANG FÍV OG HELSTU HLUTFÖLL OG STÆRÐIR	7
	4.1 NEMENDUR	7
	4.2 HLUTFALLSLEG SKIPTING NEMENDA EFTIR KYNI	7
	4.3 FJÖLDI ÚTSKRIFTANEMA EFTIR BRAUTUM	7
	4.4 HLUTFALL ÚTSKRIFTARNEMA EFTIR KYNI	7
	4.5 BROTTHVARF	8
	4.6 FJÖLDI NEMENDA Á EINSTAKA NÁMSBRAUTUM	8
	4.7 STARFSFÓLK	8
	4.8 HÚSNÆÐI	9
	4.9 STARFSTÍMI	9
5	RAMMI UM SJÁLFSMAT FÍV	10
	5.1 STEFNUKORT FÍV	10
	5.2 SKORKORT 2019-2020	11
6	NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS	12
	6.1. MARKMIÐ 1	12
	6.1.1 Áhersla i) „Að skólinn skili víðsýnum nemendum með trausta þekkingu og þroska sem nýtist í starfi, leik og námi.“	13
	6.1.2 Áhersla ii) „Að nemendur öðlist aukið sjálfstraust, búi sig undir að taka ábyrgð á eigin lífi um leið og þeir tileinka sér virðingu fyrir samferðafólki og umhverfi sínu.“	16
	6.1.3 Áhersla iii) „Að fjölbreytni náms í skólanum birtist í hæfilegri blöndu bóknáms, verknáms og náms fyrir þá sem þurfa sérúrræði.“	18
	6.1.4 Áhersla iv) „Aðlaga nám og kennslu að þeirri sérstöðu sem heimabyggðin hefur og taka mið af atvinnulífi og menningu Vestmannaeyja.“	18
	6.1.5 Áhersla v) „Að gæði kennslunnar er verði tryggð, með hæfum vel menntuðum kennurum og virku námsumhverfi í stöðugri þróun og endurskoðun.“	19
	6.2 MARKMIÐ 2	20
	6.2.1 Áhersla i) „Að stjórnun sé ávallt skýr og skilvirk, unnin í góðri samvinnu við starfsmenn og nemendur.“	20

6.2.2 Áhersla ii)	„Að allir starfsmenn og nemendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og réttindi og öll mál fái sanngjarna og réttláta afgreiðslu.“	22
6.2.3 Áhersla iii)	„Að allir starfsmenn og nemendur hafi greiðan aðgang að ráðgjöf, heilsugæslu, líkamsrækt og þeim tækjabúnaði sem nám og önnur störf krefjast.“	22
6.2.4 Áhersla iv)	„Að starfað sé eftir raunhæfri og rökstuddri fjárhagsáætlun, innan þess ramma sem fjárheimildir leyfa, en jafnframt skal leita leiða til að auka sértekjur skólans.“	23
6.2.5 Áhersla v)	„Að skólinn leggi sig eftir samstarfi við foreldra, aðra skóla og stofnanir, aðila úr atvinnulífinu og sveitastjórnir í okkar næsta nágrenni.“	24
6.2.6 Áhersla vi)	„Að skólinn reki kynningarstarf og tryggi stöðugt upplýsingastreymi til foreldra og samstarfsaðila.“	24
7	SAMSTARFSVERKEFNI	26
8	FJÁRMÁL	27
9	SAMANTEKT OG UMBÓTAÁÆTLUN	28

1 Inngangur

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau, stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs- og þróunaráætlunum skólans. Í lögum um Framhaldsskóla (nr. 92/2008) er fjallað um mat og eftirlit með gæðum skólastarfsins. Hverjum framhaldsskóla er ætlað að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. framhaldsskólalaga með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl við skólanámskrá og áætlanir um umbætur (41. gr.). Sjálfsmatskýrsla er gefin út árlega.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum notar stefnumiðað árangursmat við innra mat skólans og hefur tækið þá kosti helsta að það er auðvelt að aðlaga það breytingum sem verða í skólastarfinu á hverjum tíma. Skólanámskrá er greind í ákveðna þætti eftir viðfangsefnum, þeir settir í skorkort og markmið og mælingar á þeim ákveðin. Öflun gagna og tölfræðileg úrvinnsla, þegar það á við, er unnin í skólanum. Gögnin eru rýnd á stjórnendafundum og öðrum fundum starfsfólks og tillögur um úrbætur settar fram. Að endingu eru settar upp helstu áherslur og gerð áætlun um matsverkefni og umbætur fyrir næsta skólaár. Sú áætlun er yfirfarin á haustönn og ný áætlun kynnt á starfsmannafundi.

Ferlið

1. Niðurstöður kannana og verkefna rýndar og kynntar.
2. Ný lög og reglugerðir, þegar það á við, skoðuð með tilliti til stefnu og sjálfsmats skóla.
3. Styrk- og veikleikar greindir.
4. Stefna skólans og stefnukort yfirfarið með tilliti til skólasamnings.
5. Mats- og umbótaverkefni næsta árs ákveðin.
6. Stefnukort og skorkort sett upp.
7. Sjálfsmats- og umbótaskýrsla unnin.

Gæðaráð skipar sjálfsmatshóp skólans en þar sitja:

Helga Kristín Kolbeins skólameistari

Thelma B. Gísladóttir aðstoðarskólameistari

Gísli Eiríksson gæðaráð

Ingibjörg Jónsdóttir gæðaráð

2 Stefna FÍV

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill með stefnu sinni skapa bestu skilyrði til að þjóna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá framhaldsskóla.

2.1 Hlutverk FÍV

Hlutverk Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er í fyrsta lagi að nemendur verði að loknu námi virkir og ábyrgir einstaklingar svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu og að auki séu þeir vel undirbúnir fyrir áframhaldandi nám eða til þátttöku í atvinnulífinu. Í öðru lagi að bjóða fjölbreytt og gott nám sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma. Í þriðja lagi að skólaumhverfi og aðstaða nemenda og starfsfólks sé aðlaðandi, hvetjandi og styðjandi svo að skólastarfið verði árangursríkt með áherslu á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.

2.2 Leiðarljós FÍV

Leiðarljós skólans er að námið og skólastarfið almennt stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

2.3 Markmið og áherslur

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er ríkisaðili í A-hluta og setur sér stefnu til þriggja ára sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál, þar setur skólinn fram þrjú markmið. Markmiðunum eru gerð skil í stefnuskjali skólans sem endurskoðuð er árlega, þau markmið eru nátengd þeim tveimur meginmarkmiðum sem skólinn hefur sett sér. Þessi tvö meginmarkmið eru sett upp í stefnukorti skólans og þeim er sérstaklega gerð skil í því árlega sjálfsmati sem skólinn gerir. Sjálfsmatið byggir einnig á hlutverki skólans og stefnu skv. skólanámskrá, starfsáætlunum og umbótaáætlun í samræmi við innra mat.

Meginmarkmiðin eru:

A. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill bjóða fjölbreytt og gott nám, sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma.

Þetta markmið tengist þeim áherslum sem skólinn vill hafa varðandi nám, námsframboð, kennslu og nemendur/viðskiptavini. En áherslurnar eru að;

- skólinn skili víðsýnum nemendum með trausta þekkingu og þroska sem nýtist í starfi, leik og námi.
- nemendur öðlist aukið sjálfstraust, búi sig undir að taka ábyrgð á eigin lífi um leið og þeir tileinka sér virðingu fyrir samferðafólki og umhverfi sínu.
- fjölbreytni náms í skólanum birtist í hæfilegri blöndu bóknáms, verknáms og náms fyrir þá sem þurfa sérúrræði.
- aðlaga nám og kennslu að þeirri sérstöðu sem heimabyggðin hefur og taka mið af atvinnulífi og menningu Vestmannaeyja.
- gæði kennslunnar verði tryggð með hæfum vel og menntuðum kennurum og virku námsumhverfi í stöðugri þróun og endurskoðun.
- hvetja nemendur og starfsmenn til stöðugar þekkingarleitar

B. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill að starfsmönnum og nemendum líði vel í skólanum og að þeir fái tækifæri til að þroska samskipti, byggð á gagnkvæmri virðingu og skilningi.

Þetta markmið tengist þeim áherslum sem skólinn vill hafa varðandi stjórnun, stoðþjónustu og nemendur/ samstarfsmenn, en áherslurnar eru að;

- stjórnun sé ávallt skýr og skilvirk, unnin í góðri samvinnu við starfsmenn og nemendur.
- allir starfsmenn og nemendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og réttindi og öll mál fái sanngjarna og réttláta afgreiðslu.
- allir starfsmenn og nemendur hafi greiðan aðgang að ráðgjöf, heilsugæslu, líkamsrækt og þeim tækjabúnaði sem nám og önnur störf krefjast.
- starfað sé eftir raunhæfri og rökstuddri fjárhagsáætlun, innan þess ramma sem fjárheimildir leyfa, en jafnframt skal leita leiða til að auka sértekjur skólans.
- skólinn leggi sig eftir samstarfi við forráðamenn, aðra skóla og stofnanir, aðila úr atvinnulífinu og sveitastjórnir í okkar næsta nágrenni.
- skólinn reki kynningarstarf og tryggi stöðugt upplýsingastreymi til foreldra og samstarfsaðila.

3 Starfsemi skólans

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er framhaldsskóli og starfar skv. lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008). Í lögnum segir m.a: Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendum undir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Framhaldsskólinn leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfar þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kennir þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetur til stöðugar þekkingarleitar. Í stefnuskjali skólans er kjarnastarfsemi skólans skilgreind og þar kemur fram að skólinn er áfangaskóli sem býður upp á verk- og bóknám, með styttri brautir og brautir til starfsréttinda og stúdentsprófs. Þar kemur fram hvaða brautir eru starfræktar. Verk- og starfsnámsbrautir, starfsbraut fyrir fatlaða, framhaldsskólabrú og stúdentsprófsbraut. Á stúdentsprófsbraut eru þrjár ólíkar námslínur auk þess sem nemendur geta stundað nám til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Skólinn er virkur þátttakandi í starfi og þróun Fjarmenntaskólans, starfrækir íþróttakademíur í samstarfi við ÍBV og GV. Einnig hefur skólinn sett sér þá stefnu að hafa frumkvæði að því að efla formlegt samstarf við hagsmunaaðila, þar með talið atvinnurekendur, til að efla og þróa iðn- og tækninám með það að markmiði að fleiri nemendur hefji nám og ljúki á því sviði

Eftirfarandi brautir eru við skólann;

- Framhaldskólabrú
- Grunndeild byggingariðna
- Grunndeild málm- og véltæknigreina
- Grunndeild rafiðna
- Húsasmíðabraut
- Sjúkraliðabraut
- Starfsbraut
- Stúdentsbraut- verknám
- Stúdentsbraut, félagsfræðilína, náttúrufræðilína, opin lína
- Múraraiðn
- Vélstjórn A
- Vélstjórn B
- Vélvirkjun

Skólinn rækir hlutverk sitt með hliðsjón af stefnuskólans, nemendafjölda og því fjármagni sem hann hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

4 Umfang FÍV og helstu hlutföll og stærðir

4.1 Nemendur

Önn	Fjöldi nema
Vorönn 2018	223
Haustönn 2018	215
Vorönn 2019	208
Haustönn 2019	208
Vorönn 2020	198
Haust 2020	213
Vor 2021	205
Haust 2021	229
Vor 2022	214
Haust 2022	215
Vor 2023	207

4.2 Hlutfallsleg skipting nemenda eftir kyni

	Vor 2022	Haust 2022	Vor 2023
KK	55,6%	58%	55,6
KVK	44,4%	42%	44,4%

4.3 Fjöldi útskriftanema eftir brautum

	ST ¹	SJ	STB	VSS	VA	VB	HÚSB	GR
Vor 2020	23	2	1	3		2		
Haust 2020	19			2		1	4	
Vor 2021	26		2	1			2	
Haust 2021	6	1		5			1	
Vor 2022	17	10	1	6	1	2		
Haust 2022	7			1	1	1		2
Vor 2022	18	2	1			1		

4.4 Hlutfall útskriftarnema eftir kyni

	KVK	KK
Haust 2022	58%	42%
Vor 2023	82%	18%

¹ 3. ára stúdentsprófsbraut.

4.5 Brotthvarf

Ástæða	Konur		Karlar	
	Haust 2022	Vor 2023	Haust 2022	Vor 2023
Vinna			2	
Veikindi	1	1	1	
Annað	1	1		1

4.6 Fjöldi nemenda á einstaka námsbrautum

Skipting nemenda eftir brautum, fjöldi							
Braut	Heiti brautar	Haust 2020	Vor 2021	Haust 2021	Vor 2022	Haust 2022	Vor 2023
FB	Framhaldsskólabrú	16	13	14	11	20	15
MG	Grunnnám í málm- og véltækni		1	1	1	6	8
ÓTN	Ótilgreint nám			3	14	2	17
SJ	Sjúkraliðabraut	17	17	35	30	16	21
ST1	Stúdentsprófsbraut	130	122	116	97	101	90
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina		5	14	8	8	6
HUSB	Húsasmíðabraut	10	2	1	5		
GR	Grunnnám rafiðna	8	11	5	5	5	4
STB4	Starfsbraut	4	4	3	3	3	4
MR17	Múraraíðn			10	18	20	19
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	3	2	6	3	2	
VA	Vélstjórnarnám A réttindi	1	2	3	2	5	1
VB	Vélstjórnarbraut B réttindi	23	24	17	21	24	22
VV	Vélvirkjun	1	2	2	2		
	Samtals	213	205	226	214	215	207

4.7 Starfsfólk

Á árinu 2022-2023 störfuðu að jafnaði 37 einstaklingar við skólann. Kennarar eru 26 í 19 stöðugildum. Þar af eru 5 stundakennarar sem eru án kennsluréttinda en sérfræðingar í sínu fagi og fjórir leiðbeinendur. 81% kennara (stundakennarar ekki taldir með) eru með kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. Kynjahlutfall kennara er jafnt og 31% kennara eru 55 ára og eldri. Að auki starfa við skólann skólameistari og aðstoðarskólameistari báðir í fullu starfi. Náms- og starfsráðgjafi er í 70% starfshlutfalli, fjármálastjóri í 75% starfshlutfalli, umsjónarmaður fasteigna í 100% starfshlutfalli, skólaritari í 50% starfshlutfalli, forstöðumaður bókasafns í 55% starfshlutfalli, einn stuðningsfulltrúar á starfsbraut í hálfu stöðugildi og

þrír ræstitæknar sem hver um sig er í 47% starfshlutfalli. Af þessum hópi starfsfólks er einungis 10% karlkyns og aldursdreifingin þannig að 40% eru 55 ára eða eldri.

4.8 Húsnæði

Skólahúsnæðið er í heild 3.172 fermetrar og þar af eru 918 fermetrar kennslurými. Í skólanum eru 14 kennslustofur, 1 stórt rými með borðum fyrir nemendur sem jafnframt er hátíðarsalur, skrifstofur og bókasafn.


4.9 Starfstími

Skólinn er opinn 10 mánuði á ári og er kennsla frá miðjum ágúst til loka maí mánaðar.

Skólaárið skiptist í tvær annir. Skil á milli kennslutíma og prófatíma var afnumin 2016 og í stað þess að hafa prófdaga í annarlok eru námsmatsdagar um miðja önn og í lok annar. Hefð er fyrir því að útskrifað sé á laugardögum.

5 Rammi um sjálfsmat FÍV

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða hans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau, stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs – og þróunaráætlunum. Við sjálfsmatið notar skólinn Stefnumiðað árangursmat.




5.1 Stefnukort FÍV

Stefna skólans er sett upp í stefnukort þar sem settir eru fram lykilþættir og stærðir í skólastarfinu. Sjálfsmatið byggir á mælingum lykilþáttanna sem finna má í stefnukorti skólans. Allir þættir eru mældir með reglulegur millibili og markmiðið er að heildarmynd fáist á öllum þáttum stefnunnar á þriggja ára tímabili.

5.2 Skorkort 2021-2022

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá skorkort Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum. Skorkortið gefur greinargóða mynd af því hvernig til hefur tekist að ná settum markmiðum með tilliti til stefnu skólans.

Niðurstaða skorkorts 2021-2022




Skorkort Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

Í kaflanum hér á eftir er farið yfir hvernig niðurstaða skorkortsins er fengin.

6 Niðurstöður sjálfsmats

Sjálfsmatinu er ætlað að mæla hversu vel tekst til að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Hver þáttur sem talinn er upp í skorkortinu tengist áherslum í stefnu skólans og þeim tveimur meginmarkmiðum sem sett eru þar fram. Hver þáttur er síðan litaður miðað við stöðu hans á hverjum tíma (sjá útskýringar á litum hér fyrir neðan).



Þegar mæling hefur ekki verið gerð á árinu er einungis vísað í stöðu frá fyrri mælingu, en ekki er gerð frekar grein fyrir hvaða mælikvarðar voru notaðir né staða þeirra. Þegar mæling er næst framkvæmd eru niðurstöður bornar saman við fyrri mælingar og farið yfir hvort markmiðin hafi náðst eða hvort umbótaáætlun sé nauðsynleg.

6.1. Markmið 1

Fyrri meginmarkmiðið sem skólinn hefur sett sér er „**hvernig skólanum tekst til við að bjóða fjölbreytt og gott nám, sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma**“. Markmiðið tengist þeim áherslum sem skólinn vill hafa varðandi nám, námsframboð, kennslu og nemendur. En þær eru að;

- i. skólinn skili víðsýnum nemendum með trausta þekkingu og þroska sem nýtist í starfi, leik og námi.
- ii. nemendur öðlist aukið sjálfstraust, búi sig undir að taka ábyrgð á eigin lífi um leið og þeir tileinka sér virðingu fyrir samferðafólki og umhverfi sínu.
- iii. fjölbreytni náms í skólanum birtist hæfilegri blöndu bóknáms, verknáms og náms fyrir þá sem þurfa sérúrræði.
- iv. laga nám og kennslu að þeirri sérstöðu sem heimabyggðin hefur og taka mið af atvinnulífi og menningu Vestmannaeyja.
- v. gæði kennslunnar er verði tryggð, með hæfum vel menntuðum kennurum og virku námsumhverfi í stöðugri þróun og endurskoðun.

Allar áherslurnar tengjast ákveðnum þáttum í skorkortinu og eru metnar, einstaka þættir kortsins tengjast fleiri en einni áherslu.

6.1.1 Áhersla í) „Að skólinn skili viðsýnum nemendum með trausta þekkingu og þroska sem nýtist í starfi, leik og námi.“

Þessir þættir snúa allir að viðskiptavinavíddinni í skorkortinu og búið er að draga utan um þá rauðan hring á myndinni hér að neðan.




Þessir þættir eru mældir árlega með þátttöku í Framhaldsskólalámsinum.


V.1 Aukinn menntun

Skólinn hefur það markmið að auka menntun nemenda. Hvort það gerist er metið með svörum við spurningum úr Skólalámsinum.

Notað er svar við einni spurningu úr matsþættinum *Námsáhugi*, ég hef áhuga á því sem ég læri í skólanum og notuð eru svör við öllum spurningum sem mynda matsþáttinn *hvatning til vitsmunalegrar örvunar*. Hvatning til vitsmunalegrar örvunar minnkar aðeins frá fyrri mælingu, en er enn yfir viðmiðunargildum. Námsáhugi minnkar einnig en sú breyting er óverulega.




Þessir þættir veiga jafnt þegar staðan er metin og settum markmiðum er ekki náð og því er þessi þáttur litaður rauður í skorkortinu.




V.3. Aukin virkni nemenda

Virgni nemenda er enn að minnka og náum við ekki markmiðum okkar. Virgni er metin með spurningum úr Framhaldsskólaláttunum en mælikvarði er fenginn PISA rannsókn OECD frá 2012.




Settum markmiðum er ekki náð og þessi þáttur er litaður rauður í skorkortinu.



V.4 Aukinn hamingja


Þessi þáttur er metinn með spurningu úr Framhaldsskólapúlsinum með spurningu sem upphaflega er úr alþjóðlegri könnun WHO.



punkturinn.


FÍV er dökki

Hamingjan mælist minni og erum við á viðmiðunarlínunni. Þátturinn er litaður grænn í skorkorti.



6.1.2 Áhersla ii) „Að nemendur öðlist aukið sjálfstraust, búi sig undir að taka ábyrgð á eigin lífi um leið og þeir tileinka sér virðingu fyrir samferðafólki og umhverfi sínu.“

Þessir þættir snúa einnig að viðskiptavinavíddinni og eru metnir í Framhaldsskólapúlsinum og einnig notum við niðurstöður úr rannsókninni „Ungt fólk“ sem var lögð fyrir á árinu 2020. Í þeirri könnun er m.a. spurt út í sjálfstraust, ábyrgð, virðingu og líðan nemenda.




V.5 Góð líðan nemenda


Hér notum við spurningar úr Framhaldsskólapúlsinum þar sem nemendur eru beðnir að lýsa upplifun sinni undanfarnar tvær vikur.

- Ég hef litið bjartsýnum augum til framtíðarinnar
- Mér hefur þótt ég gera gagn
- Mér hefur gengið vel að takast á við vandamál
- Ég hef hugsað skýrt
- Mér hefur fundist ég nán(n) öðrum
- Ég hef átt auðvelt með að taka ákvarðanir

3.1. Velliðan – Ársmeðaltöl




3.1. Velliðan – Kyn



Á þessari mynd er niðurstaða matsþáttarins brotin niður eftir kyni.


3.1. Velliðan – Fæðingarár*



Á þessari mynd er niðurstaða matsþáttarins brotin niður eftir fæðingarári.

Myndin sýnir niðurstöður skólans í samanburði við niðurstöðu á landsvísu eftir þáttökuárum. Nemendum líður heldur betur en það er bæði munur á velliðan eftir kyni þar sem drengjunum líður betur og fæðingarári. Þeir sem eru fæddir 2006 líður mun verr en öðrum.

Nemendum líður vel þó að líðan sé ekki orðin söm og var fyrir heimsfaraldur, erum á réttri leið þó að markmiði sé ekki náð.




6.1.3 Áhersla iii) „Að fjölbreytni náms í skólanum birtist í hæfilegri blöndu bóknáms, verknáms og náms fyrir þá sem þurfa sérúrræði.“

Hér eru notaðir mælikvarðarnir „fjölbreytni í námi“, hlutfall bók- og verknáms og umfang sérúrræða. Þegar skorkortið er skoðað þá eru þetta þættir sem snúa bæði að viðskiptavinaviddinni sem og innri ferlum. Á myndinni eru þetta þeir tveir þættir sem búið er að draga rauðan hring utan um, V-2 og I-2. Mæling fór fram ekki fram á árinu.



Aukið framboð á listgreinum, fleiri iðngreinum eru þættir sem við höfum farið í.



6.1.4 Áhersla iv) „Aðlaga nám og kennslu að þeirri sérstöðu sem heimabyggðin hefur og taka mið af atvinnulífi og menningu Vestmannaeyja.“

Hér snúa mælikvarðarnir að innri ferlum, I-1 „stuðla að eflingu kennslu“ og búið er að draga rauðan hring utan um hann á myndinni hér fyrir neðan.



Við mælingu á þessum þætti rýna kennarar kennsluáætlanir í sínum áfanga/áföngum og meta hvort og hvernig þær endurspeгла að þessari áherslu sem tekin er fram í markmiðinu sé sinnt. Misjafnt er á milli námsgreina og áfanga hvort þessi áhersla sé til staðar. Kennarar fylla út framvindublað áfanga, <https://quality.ccq.cloud/publishDocument/TxK8jXiactbeqvXt>, um miðja önn. Framvindumat er vettvangur fyrir kennara til að rýna kennsluna, námeðnið, nemendahópin og koma á framfæri athugasemdum og kalla eftir aðstoð ef svo ber undir.


Við sjáum að kennslan er að eflast frá ári til árs.

Nemendur meta í kennslumati að kennslustundirnar séu áhugaverðar. Hlutfall nemenda sem finnst þær mjög áhugaverðar og frekar áhugaverðar var 88% á haustönnin en 81% á vorönninni. Hlutfallið helst svipað jafnvel aðeins hærra en fyrir heimsfaraldur. Kennararnir eru að efla kennsluna og þessi þáttur litast grænn.



6.1.5 Áhersla v) „Að gæði kennslunnar er verði tryggð, með hæfum vel menntuðum kennurum og virku námsumhverfi í stöðugri þróun og endurskoðun.“

Hér eru notaðir mælikvarðarnir „hæfir kennarar og virkt námsumhverfi“. Þessir mælikvarðar snúa að mannauðsvíddinni og innri ferlum. Í skorkortinu er þetta þættirnir S-1 „efla þekkingu starfsmanna“ og S-3 „öflug notendavæn upplýsingakerfi“ og búið er að draga rauðan hring utan um þá á næstu mynd. Einnig kemur þessa áhersla inn á þátt I-1 „Stuðla að eflingu kennslu“ sem einnig hefur verið sérmerkt með rauðum hring.



S-1, efla þekkingu starfsmanna

Hér er lagt mat á hæfni kennara og hvort og hvernig þeir bæta við þekkingu sína. Skoðað hefur verið staða kennsluréttinda í kennarahópnum og nú er leiðbeinendum að fjölga. Hlutfall þeirra hefur verið um 5% en er nú um 20%. Það er vegna þess að iðnáminu er í dag sinnt af leiðbeinendum sem hafa fullgild fagréttindi en vantar kennslufræðina. En hæfni kennara felst ekki einvörðungu í hvort þeir hafi kennsluréttindi eða ekki og við endurskoðun stofnannasamnings FF og FS voru innleidd hæfniviðmið fyrir kennara þannig að þeir sem sýna meiri færni fái umbun fyrir það í launasetningu, <https://quality.ccq.cloud/publishDocument/89L9QSTqZvGavXxeT>.

S-3 Öflug notendavæn upplýsingakerfi

Í skólanum eru notuð upplýsingakerfi sem eru í stöðugri þróun. Hér er nýttur mælikvarðinn „Virkt námsumhverfi“ og einungis er skoðað hvernig kennslukerfið er nýtt. Skólinn notar kennslukerfið Innu og kemur fram í áfangamati að nemendum líkar vel við kerfið og eiga auðvelt með að nota það. Einnig er virkni kennara á Innu skoðuð og þar kemur fram að allir nýta sér það við kennsluna. Kerfin virka vel og er hæfni bæði starfsmanna og nemenda búin að aukast gífurlega á skólaárinu.

Mat á þáttum S-1 og S-3

Grænn litur hefur verið settur á þættina S-1 og S-3. Þekking á upplýsingatækni er mikil. Sama má segja um upplýsingakerfin, kerfin sem við erum að nota eru notendavæn og þegar á þarf að halda eru notendur fljótir að tileinka sé virkni þeirra.

6.2 Markmið 2

Seinna meginmarkmiðið sem skólinn hefur sett sér er „**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill að starfsmönnum og nemendum líði vel í skólanum og að þeir fái tækifæri til að þroska samskipti, byggð á gagnkvæmri virðingu og skilningi.**“ Markmiðið tengist áherslum sem skólinn vill hafa varðandi stjórnun, starfsmenn, stoðþjónustu og nemendur. En þær eru að;

- i. stjórnun sé ávallt skýr og skilvirk, unnin í góðri samvinnu við starfsmenn og nemendur.
- ii. allir starfsmenn og nemendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og réttindi og öll mál fái sanngjarna og réttláta afgreiðslu.
- iii. allir starfsmenn og nemendur hafi greiðan aðgang að ráðgjöf, heilsugæslu, líkamsrækt og þeim tækjabúnaði sem nám og önnur störf krefjast.
- iv. starfað sé eftir raunhæfri og rökstuddri fjárhagsáætlun, innan þess ramma sem fjárheimildir leyfa, en jafnframt skal leita leiða til að auka sértekjur skólans.
- v. skólinn leggi sig eftir samstarfi við foreldra, aðra skóla og stofnanir, aðila úr atvinnulífinu og sveitastjórnir í okkar næsta nágrenni.
- vi. skólinn reki kynningarstarf og tryggi stöðugt upplýsingastreymi til foreldra og samstarfsaðila.

6.2.1 Áhersla i) „Að stjórnun sé ávallt skýr og skilvirk, unnin í góðri samvinnu við starfsmenn og nemendur.“

Þessir þættir snúa allir í skorkortinu að mannauðsvíddinni þar sem notast er við mælikvarðanna, skýr stjórnun, skilvirk stjórnun og samvinna. Í skorkortinu eru þetta þættirnir, S-1 „efla þekkingu starfsmanna“, S-2 „auka ánægju starfsmanna“ og S-4 „samvinna í starfi“ og er búið að draga rauðan hring utan um þá í myndinni hér að neðan.



S-2 Auka ánægju starfsmanna

Hér er notast við tvönn konar mælikvarða, stjórnun og skilvirk stjórnun. Stjórnun á að vera skýr og skilvirk. Það sem einkennir samskipti stjórnenda og starfsmanna er að samskiptin eru hispurslaus og raddir allra fá að heyrast. Farið er yfir niðurstöður stofnunarársins og sett upp aðgerðaáætlun til að bæta þau atriði sem þarf að bæta og leitast við að halda því sem vel er gert í því horfi. Starfsmenn eru ánægðir og sést það í könnunni en einnig á samheldni hópsins og hversu vel honum tekst að takast á við erfiðar aðstæður.

Starfsmenn skólans meta stjórnendur í könnun Sameykis „Stofnun ársins“. Á árinu 2022 var stofnunin í fyrsta sæti í sínum flokki..

S-4 Samvinna í starfi


Lagt er mat á samvinnu starfsmanna. Kennarafundir eru mánaðarlega á starfstíma skóla, starfsmannafundir í upphafi hverrar annar. MAS- fundir eru vikulega en þar setja kennararnir sér markmið (M), ákveða aðgerðir (A) til að ná þeim og eiga samtál (S) um hvernig gengur. Samhliða fara kennarar í heimsóknir í kennslustundir hvor til annars og eiga samtál um hvernig til tekst í kennslustofunni. Skólafundir eru einu sinni á ári. Á þessum fundum er haft að leiðarljósi að allir geti haft skoðun og komið henni að. Leitast er við að fundirnir séu ekki einvörðungu upplýsingafundir. Einnig eiga kennarar aðila í skólanefnd og skólaráði. Starfsmannafélag er starfandi við skólann og eiga þar aðild allir starfsmenn skólans nema þeir sem sérstaklega óska eftir því að vera ekki aðilar að félaginu. Samvinna er metin með könnun Sameykis, en þar er einnig spurt um starfsanda og sjálfstæði í starfi og er Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum yfir meðaltali í báðum þessum þáttum.

	Þátttakendur
Kennarafundur	Kennarar, stjórnendur, námsráðgjafi
Starfsmannafundur	Allir starfsmenn
Skólaráð	Fulltrúi kennara, fulltrúi nemenda, stjórnendur
Skólanefnd	Fulltrúi kennara, fulltrúi nemenda, skólameistari
Starfsmannafélag	Allir starfsmenn
MAS-fundur	Kennarar

Þáttur nemenda í samstarfi skólans er ekki síður mikilvægur. Nemendur eiga fulltrúa í skólanefnd og skólaráði. Nemendur eru þátttakendur á skólafundum. Leitast er við að hafa nemendur með í ákvarðanatöku, þeir eru teknir með á fundum sem varða málefni þeirra og leitað eftir þeirra hugmyndum.


Mat á þáttum S-2 og S-4

Settum markmiðum hefur verið náð og því hafa þættirnir fengið á sig grænan lit í skorkortinu.



6.2.2 Áhersla ii) „Að allir starfsmenn og nemendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og réttindi og öll mál fái sanngjarna og réttláta afgreiðslu.“

Þessi áhersla snýr að mannauðsvíddinni og notast er við mælikvarðanna, að vera meðvitaður um skyldur, þekkja réttindi, meðferð mála og afgreiðsla mála. Í skorkortinu er þetta þáttur S-3 „Öflug og notendavæn upplýsingakerfi“.




S-3 Öflug og notendavæn upplýsingakerfi

Hér er skyldur og réttindi starfsmanna og nemenda til skoðunar. Skyldur og réttindi nemenda eru skráð í skólanámskrá og í lögum um framhaldsskóla. Skyldur og réttindi starfsmanna eru skráð í lögum og reglum sem gilda um opinbera starfsmenn og fara trúnaðarmenn, ásamt stjórnendum, reglubundið yfir þá þætti. Sérstök áhersla er lögð á að mál fái sanngjarna og réttláta afgreiðslu með því að fara eftir ákveðnum ferlum sem skráðir eru í stefnur skólans, lög um opinbera starfsmenn og gæðahandbók.


Mat á þætti S-3

Þessir þættir eru skráðir og öllum aðgengilegir ásamt því að farið er yfir þá á fundum með bæði starfsmönnum, nemendum og forráðamönnum. Engin skráð frávik eru frá þessum reglum. Markmiðum hefur verið náð varðandi þennan þátt og fær því grænan lit í skorkortinu.



6.2.3 Áhersla iii) „Að allir starfsmenn og nemendur hafi greiðan aðgang að ráðgjöf, heilsugæslu, líkamsrækt og þeim tækjabúnaði sem nám og önnur störf krefjast.“

Þessir þættir snúa í skorkortinu að innri ferlum og notast er við mælikvarðana, náms og starfsráðgjöf, heilsugæsla, líkamsrækt, tækjabúnaður og aðstaða. Í skorkortinu eru þetta þættirnir I-4 „stuðla að öruggu og heilnæmu umhverfi“ og S-2 „auka ánægju starfsmanna“, búið er að draga rauðan hring utan um þá á myndinni hér að neðan.



I-4 stuðla að öruggu og heilnæmu umhverfi

Skýrsla ráðgjafa er skoðuð og ábendingar um hvernig hægt er að gera ráðgjöfina markvissari tekna sérstaklega fyrir. Það kemur fram að þjónusta við þá nemendur sem hafa ekki þá hæfni úr grunnskóla til að takast á við áfanga á öðru hæfni þrepi framhaldsskóla, þarf að auka og auka þarf aðgengi að þjónustu sálfræðinga fyrir nemendur.


Nemendur hafa gott aðgengi að heilsugæslunni. Ekki er sérstök viðvera og þjónusta hjúkrunarfræðings í skólanum. Öllum nemendur er skylt að stunda líkamsrækt undir stjórn íþróttakennara skólans, undanþágur frá þessu er að finna í aðalnámskrá en mjög fáir nemendur biðja um þær. Skólinn leigir íþróttaaðstöðu utan skólans þar sem hann hefur ekki yfir íþróttasal að ráða. Skólinn er með núvitundarstofu fyrir nemendur og starfsmenn og þar fer jóga kennsla fram. Starfsmenn fá styrk frá skólanum til að stunda líkamsrækt og taka bæði starfsmenn og nemendur þátt í Lífshlaupinu á hverju ári.

S-2 Auka ánægju starfsmanna

Forföll starfsmanna er lítil og starfsmannavelta er einungis tilkomin þar sem einstaklingar hættu störfum vegna aldurs

Mat á þáttum I-4 og S-2

Við höfum ekki metið þessa þætti með formlegri könnun, S-2 og I-4 fá því bleikan lit í skorkortinu.



6.2.4 Áhersla iv) „Að starfað sé eftir raunhæfri og rökstuddri fjárhagsáætlun, innan þess ramma sem fjárheimildir leyfa, en jafnframt skal leita leiða til að auka sértekjur skólans.“

Þessi áhersla snýr að fjármálaviddinni og notast er við mælikvarðana; raunhæf, rökstudd, samanburður við fjárheimildir og sértekjur. Við mat þessara þátta er farið í ársreikning skólans og metið hvernig til tekst. Þar kemur í ljós að markmiðunum var náð og litast þessi þáttur grænn í skorkorti.



6.2.5 Áhersla v) „Að skólinn leggi sig eftir samstarfi við foreldra, aðra skóla og stofnanir, aðila úr atvinnulífinu og sveitastjórnir í okkar næsta nágrenni.“

Hér er notast við marga mælikvarða; samstarf, forráðamenn, skólar, stofnanir, ráðuneyti, atvinnulíf og bæjarfélag. Allir þessir mælikvarðar eiga þátt í að byggja upp jákvæða ímynd skólans ásamt öllu því sem skólinn gerir. Skólinn leggur sig eftir samstarfi við forráðamenn, aðra skóla og stofnanir, aðila úr atvinnulífinu og sveitastjórnir í sínu næsta nágrenni. Skólinn hefur frumkvæði að því að halda fundi með fulltrúum iðnfyrirtækja til að skapa vettvang til umræðu um iðnmenntun. Við finnum mikinn velvilja hjá fyrirtækjum í Vestmannaeyjum og öllum er umhugað um styrkingu námsins við skólann.

Samstarf við forráðamenn þarf að efla og gera formlegra.

Samvinna er við kennara og stjórnendur grunnskólans með það markmiði að auka þekkingu á milli skólastiga, miðla reynslu og stuðla að bættri kennslu. Haldnar hafa verið menntabúðir allra skólastiga í Eyjum en langt síðan þær hafa verið haldnar.

Skólinn er aðili að Fjarmentaskólanum.

6.2.6 Áhersla vi) „Að skólinn reki kynningarstarf og tryggji stöðugt upplýsingastreymi til foreldra og samstarfsaðila.“

Þessi áhersla snýr að innri ferlum og notum við mælikvarðanna; kynning og upplýsingar, almennar upplýsingar, upplýsingar til forráðamanna og upplýsingar til samstarfsaðila.

Í myndinni hér að neðan er búið a draga rauðan hring utan um þann þátt í skorkortinu



Verkefni	Staða
Kynningafundur á vorönn fyrir tilvonandi nemendur og forráðamenn	Lokið
Kynningarfundur á haustönn fyrir nýnema og forráðamenn	Lokið
Upplýsingar um mætingar nemenda mánaðarlega í tölvupósti, sent til nemenda og forráðamanna þeirra nema sem eru undir 18 ára.	Lokið

Upplýsingar um námsárangur er í Innu, gefnar út vörður „miðannarmat“ um miðja önn. Námsmat sundurliðað skv. fyrirmælum í gæðahandbók, LEI-0002

Lokið

Markmiðin náðust Þátturinn litast grænn í skorkorti.



7 Samstarfsverkefni

Heiti verkefnis	Samstarfsaðili
Íþróttakademía	ÍBV íþróttafélag
Golfakademía	Golfklúbbur Vestmannaeyja
Auka áhuga nemenda á iðnnámi	Samstarf verkmenntaskóla
Erasmus	Ítalía og Spánn
Fjarmentaskólinn	Samstarfsverkefni landsbyggðaskóla á Íslandi

8 Fjármál


Þær aðgerðir sem gripið var til á undanförunum árum hafa skilað árangri. Á árinu 2021 var afkoman jákvæð 0,2 milljónir. Rekstur skólans er viðkvæmur og ekki má mikið út af bera til að áætlanir standist ekki.

9 Samantekt og umbótaáætlun

Stefna skólans og sú framtíðarsýn sem þar birtist er ljós og þeir þætti stefnunnar sem úttekt var gerð á eru að mati stjórnenda í góðum farvegi. Ekki hafa allir þættir skorkortsins verið sérstaklega mældir enda er ekki ætlast til þess skv. skorkorti. Í skorkorti snýr úttekt að innri ferlum.



Við mat á stöðugum umbótum er farið eftir verklagsreglu í gæðahandbók:



Sjálfsmatið sýnir að við erum að ná árangri í þeim þáttum sem við erum að skoða. Við þurfum að vera gagnrýnin og vakandi yfir líðan nemenda og halda áfram að þróa starfið á þeirri braut sem við höfum verið á. Við þurfum að vera tilbúin að grípa til aðgerða til að fá enn betri niðurstöður. Þær aðgerðir miða fyrst og fremst að því að vinnuhópar rýna enn frekar í niðurstöður sjálfsmats, greina stöðuna og koma með tillögur að úrbótum.

Aðgerðir til úrbóta	Tími	Hverjir	Ábyrgð
Auka námsáhuga nemenda	2023	Starfshópur kennara	Aðstoðarskólameistari
Virkja nemendur og efla ábyrgð á eigin námi	2023	Starfshópur kennara	Skólameistari

Markmiðum endurskoðunar hefur verið náð.



Vestmannaeyjum 15.08.2023

Helga Kristín Kolbeins
Thelma B. Gísladóttir